

Sjóvarnir á Vatnsleysuströnd
Sveitarfélagið Vogar
Ákvörðun um matsskyldu

NIÐURSTAÐA

Það er niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar sjóvarnir á Vatnsleysuströnd séu ekki líklegar til að að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Voga skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. desember 2013.

Skipulagsstofnun

INNGANGUR

Þann 12. september 2013 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Vegagerðinni um gerð sjóvarna við Vogatjörn og Stóru Vogaskóla í Vogum og , við Stóra-Knarrarnes og Narfakot á Vatnsleysuströnd samkvæmt 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. og lið 10 í 2. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði álits Sveitarfélagsins Voga og Umhverfisstofnunar.

Umsagnir bárust frá sveitarfélaginu Vogum með bréfi dags. 31 október 2013 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 7. október 2013. Einnig liggur fyrir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 23. október 2013.

FRAMLÖGÐ GÖGN FRAMKVÆMDARAÐILA

Fyrirhuguð framkvæmd.

Í framlögðum gögnum framkvæmdaraðila kemur fram að fyrirhugaðar framkvæmdir séu innan svæðis sem séu skilgreint sem hverfisverndarsvæði skv. gildandi Aðalskipulagi Sveitarfélagsins Voga 2008-2028 og Vogatjörn sé jafnframt á náttúruminjasrá. Landrof hafi átt sér stað á sjávarkambinum bæði við Stóra Knarrarnes og Narfakot og sé sjóvörnunum ætlað að halda rofinu í skefjum. Um sé að ræða litla framkvæmd, hvor sjóvörn um sig sé um 140 m löng, hæð þeirra um 0,5 m ofan núverandi landhæðar og heildarmagn grjóts og sprengds kjarna verði um 1500 m³ fyrir hvora sjóvörn. Við Stóra Knarrarnes nái akbraut nánast niður að framkvæmdarstað og því ekki þörf á slóðagerð, við Narfakot þurfi einungis að leggja um 50 m slóða að sjóvörninni.

Fram kemur að sjóvörn við Vogatjörn og Stóru Vogaskóla verði svipaðar að umfangi en grjótstærðir verði þó minni þar sem svæðið sé í skjóli frá úthafsöldu. Ekki þurfi að byggja slóða að þessum sjóvörnum en slóði verði byggður undir þeim svo hægt sé að aka grjóti sjávarmegin við göngustíg. Fram kemur að staðið verði að framkvæmdum á þann hátt að ein grafa muni einfaldlega raða grjóti sem vörubílar aki á staðinn, líklega frá Helguvík og sé áætlað að framkvæmdin taki um 3 mánuði og sé tilgangur framkvæmdanna að stemma stigu við landrofi á svæðinu.

Helstu umhverfisáhrif framkvæmdar. Fram kemur að fyrirhugaðar framkvæmdir séu ekki umfangsmiklar og taki til afmarkaðs svæðis og séu umhverfisáhrif að mati framkvæmdaraðila óveruleg. Sjónræn áhrif framkvæmdarinnar verði lítil enda muni sjóvarnir ekki sjást nema úr fjörunni framan við þær og úr allra næsta nágrenni. Áhrif á framkvæmdatíma verði vegna ónæðis af akstri vörubíla og vegna grjótröðunar, en það takmarkist við þau svæði sem verið sé að verja. **Samræmi við skipulagsáætlanir.** Fram kemur að í gildi sé deiliskipulag sem geri ráð fyrir sjóvörnum neðan við Stóru Vogaskóla og eiðið við Vogatjörn og sé það í samræmi við gildandi aðalskipulag Ekkert deiliskipulag sé til fyrir svæðið við Stóra – Knarrarnes og Narfakot en í gildandi aðalskipulagi sé gert ráð fyrir sjóvörnum á þeim stöðum.

ÁLIT UMSAGNARAÐILA OG VIÐBRÖGÐ FRAMKVÆMDARAÐILA

Í umsögn Sveitarfélagsins Voga kemur fram að að teknu tilliti til 3. viðauka laga nr. 106/2000 m.s.br. um mat á umhverfisáhrifum telji bæjarstjórn að framkvæmdir við sjóvarnir á fyrirhuguðum svæðum séu þess eðlis og ekki það umfangsmiklar að þær séu líklegar til að valda umtalsverðum umhverfisáhrifum og að umhverfismat sé ekki líklegt að bæta miklu við þá vitneskju sem þegar liggja fyrir. Í samræmi við framangreint sé það því álit bæjarstjórnar að framkvæmdirnar skuli ekki vera háðar mati á umhverfisáhrifum.

Í umsögn Minjastofnunar Íslands kemur fram að ef ekki verði hreyft við grasivaxna bakkanum ofan við fjöruna við Vogatjörn og Stóru Vogaskóla ætti að vera hægt að komast hjá raski á fornleifum við gerð sjóvarnargarða á þessum stöðum. Stofnunin telur þó mikilvægt að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdunum. Fornleifar hafi ekki verið skráðar við Narfakoti en starfsmaður Minjastofnunar Íslands hafi skoðað svæðið. Við vesturenda fyrirhugaðs sjóvarnargarðs

sé grjóthlaðin garður og tóftarbrot nokkuð austar og ofar í landinu. Nærri austurenda sjóvarnargarðsins sé tvískipt tóft fyrir ofan fjörukambinn og nokkru austan við hana grjóthlaðinn garður sem gangi alveg niður í fjöru. Fleiri garðar eru á svæðinu.

Fram kemur að við Narfakot þurfi að leggja 50 m nýjan slóða að sjóvörn og telur Minjastofnun Íslands að fá þurfi fornleifafræðing til að skrá fornleifar á og í nágrenni fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis og gera þurfi stofnuninni grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningarinnar og því hvernig fyrirhugað sé að haga framkvæmdum með tilliti til fornleifa. Minjastofnun Íslands muni í framhaldinu ákvarða hvort og hvers konar mótvægisáðgerða sé þörf. Verði ekki komist hjá raski á fornleifum beri að sækja um leyfi Minjastofnunar Íslands til þess.

Fram kemur að fornleifar hafi ekki verið skráðar á Stóra Knarrarnesi en starfsmaður Minjastofnunar Íslands hafi einnig skoðað það svæði. Beint norður af húsunum sem standi næst sjónum sé stór hóll með rústum og sé sennilega um að ræða gamla bæjarhólinn en utan um hólinn séu leifar af gömlum túngarði. Nýr sjóvarnargarður eigi að liggja mjög nærri horni gamla túngarðsins en vegna hæðarmunar ætti að vera hægt að komast hjá raski á garðinum. Minjastofnun Íslands telur að gera þurfi verktökum grein fyrir tilvist túngarðsins austan við rústahólinn til að koma í veg fyrir að honum verði raskað af vangá.

Í umsögn Umhverfisstofnunar kemur fram að fyrirhugaðar sjóvarnir séu innan svæðis nr. 111 á náttúruminjaskrá, Strandlengjan frá Fögruvík í Vatnsleysuvík að Straumi við Straumsvík. Vegna sérstæðs umhverfis með miklu og óvenju fjölskrúðugu fjörlífi og gróðri auk tjarna með mismikilli seltu og einstæðum lífsskilyrðum. Á Vatnsleysuströnd séu víða sjóvarnir og hafi þeim verið komið fyrir efst á fjörukambi þannig að rask í fjörum hafi verið í lágmarki. Að mati Umhverfisstofnunar muni fyrirhugaðar sjóvarnir ekki hafaneikvæð áhrif á náttúruverndargildi svæðisins og sjónræn áhrif mannvirkjana verði lítið nema úr fjöru séð næst grjótgörðum. Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

(Umhverfisstofnun vill benda á að í tilkynningarskýrslu hefði átt að fjalla á sambærilegan hátt um sjóvarnirnar m.t.t. umfangs og efnismagns.)

NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR

Um er að ræða sjóvarnir við Vogatjörn og Stóru Vogaskóla í Vogum og á tveimur stöðum á Vatnsleysuströnd. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 6. gr. og lið 10 í 2. viðauka í lögum um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b

Skipulagsstofnun telur að helstu neikvæðu áhrif fyrirhugaðra framkvæmda verði sjónræn eðlis þar sem grjótgærðarnir muni breyta ásýnd fjörunnar en hún er á náttúruminjaskrá. Stofnunin telur hins vegar að fyrirhugaðar framkvæmdir komi ekki til með að rýra náttúruverndargildi svæðisins og að neikvæð sjónræn áhrif verði ekki veruleg þar sem ekki er um að ræða umfangsmiklar framkvæmdir og sýnileiki þeirra bundinn við fjöruna framan við sjóvarnirnar og allra næsta nágrenni þeirra. Einnig má gera ráð fyrir nokkru ónæði vegna umferðar vörubíla á framkvæmdatíma en þau áhrif eru tímabundin. Skipulagsstofnun leggur áherslu á að Vegagerðin þurfi að tryggja að farið verði að tilmælum Minjastofnunar Íslands um skráningu fornleifa við Narfakot og Stóra-Knarrarnes og að stofnuninni verði gerð grein fyrir niðurstöðum fornleifaskráningarinnar og því hvernig fyrirhugað sé að haga framkvæmdum með tilliti til fornleifa. Þá telur Skipulagsstofnun mikilvægt að farið verði eftir þeim tilmælum Minjastofnunar að fornleifafræðingur verði fenginn til að hafa eftirlit með framkvæmdunum við Vogatjörn og Stóru Vogaskóla.

Í samræmi við 6. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 m.s.b. hefur Skipulagsstofnun farið yfir þau gögn sem lögð voru fram af hálfu Vegagerðarinnar við tilkynningu og umsagnir. Á grundvelli þessara gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhugaðar sjóvarnir við Vogatjörn og Stóru Vogaskóla og við Narfakot og Stóra Knarrarnes í Sveitarfélaginu Vogum séu ekki

líklegar til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háðar mati á umhverfisáhrifum.

Skipulagsstofnun veur athygli á að framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Sveitarfélagsins Voga skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, sbr. reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 722/2012.

Skipulagsstofnun ítrekar mikilvægi þess að Vegagerðin og aðrir sem að framkvæmdinni koma viðhafi þá verktilhögun og mótvægisáðgerðir sem kynnt hafa verið við meðferð málsins. Samkvæmt 14. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. má kæra ákvörðun Skipulagsstofnunar til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 13. desember 2013.

Jakob Gunnarsson



Valur Klemensson

Skipulagsstofnun